

Starfsgreinasamband Íslands

Ársreikningur

2022

Starfsgreinasamband Íslands

Ársreikningur

2022

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	2-3
Skýrsla stjórnar	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar	8-12

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Starfsgreinasambands Íslands.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Starfsgreinasambands Íslands fyrir árið 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2022, efnahag þess 31. desember 2022 og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Starfsgreinasambandi Íslands í samræmi við alþjóðlegar siðreglur fyrir endurskoðendur sem og aðrar siðareglur sem eru viðeignadi við endurskoðun á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Starfsgreinasambands Íslands. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanlega vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.

Áritun óháðs endurskoðanda

- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar. Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Kópavogur, 24. ágúst 2023

Deloitte ehf.

Kristján Þór Ragnarsson
endurskoðandi

Áritun stjórnar

Ársreikningur Starfsgreinasambands Íslands fyrir árið 2022 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Starfsgreinasamband Íslands er samband 18 verkalyðsfélaga og aðili að Alþýðusambandi Íslands. Sambandið er stærsta aðildarfélag ASÍ og starfar í samræmi við lög þess.

Á árinu 2022 námu tekjur Starfsgreinasambands Íslands umfram gjöld kr. 23.550.981 og nam bókfært eigið fé í árslok kr. 115.087.102.

Þann 12. maí 2023 sagði Efling stéttarfélag sig úr SGS. Úrsögnin hefur talsverð áhrif á tekjur sambandsins þar sem skatttekjur frá Eflingu hafa verið um 45% af tekjum SGS. Strax var brugðist við, dregið úr kostnaði og samningar teknir upp. Á þingi SGS í október næstkomandi verður lagt til að skatthlutfall verði hækkað úr 3,8% í 4,5% á árinu 2024.

Stjórn Starfsgreinasambands Íslands og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2022 með undirritun sinni.

Reykjavík, 24. ágúst 2023

Í stjórn

Framkvæmdastjóri

Rekstrarreikningur ársins 2022

	Skýr.	2022	2021
Rekstrartekjur			
Innheimtar skatttekjur		341.011.047	291.522.951
Hlutdeild ASÍ		(228.589.417)	(208.462.926)
Skatttekjur samtals	3	112.421.630	83.060.025
Aðrar tekjur	4	616.000	0
		<u>113.037.630</u>	<u>83.060.025</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	5	(38.979.708)	(30.053.762)
Almennur kostnaður	6	(41.855.313)	(35.551.858)
Afskriftir fastafjármuna	8	(10.559.087)	(7.030.217)
		<u>(91.394.108)</u>	<u>(72.635.837)</u>
Rekstrarhagnaður		21.643.522	10.424.188
Fjármunatekjur	7	2.032.542	209.272
Fjármagnsgjöld	7	(125.083)	(54.470)
		<u>1.907.459</u>	<u>154.802</u>
Tekjur umfram gjöld á rekstrarárinu		<u>23.550.981</u>	<u>10.578.990</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

Eignir	Skýr.	31.12.2022	31.12.2021
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	8	25.280.759	17.319.753
Fjárfestingaverðbréf	9	12.125.986	12.125.986
		<u>37.406.745</u>	<u>29.445.739</u>
Veltufjármunir			
Aðrar skammtímakröfur	10	3.703.958	5.787.567
Handbært fé	10	89.948.168	63.322.129
		<u>93.652.126</u>	<u>69.109.696</u>
Eignir		<u>131.058.871</u>	<u>98.555.435</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	11	<u>115.087.102</u>	<u>91.536.121</u>
Skammtímaskuldir			
Aðrar skammtímaskuldir	12	<u>15.971.769</u>	<u>7.019.314</u>
Eigið fé og skuldir		<u>131.058.871</u>	<u>98.555.435</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2022

	Skýr.	2022	2021
Rekstrarhreyfingar			
Innborganir:			
Innborganir frá sambandsfélögum		112.421.630	83.060.025
Innborgaðar aðrar tekjur		616.000	0
Innborgaðir vextir		2.032.542	209.272
		<u>115.070.172</u>	<u>83.269.297</u>
Útborganir:			
Greiddur ýmis kostnaður		(69.798.957)	(67.456.733)
Greiddir vextir		(125.083)	(54.470)
		<u>(69.924.040)</u>	<u>(67.511.203)</u>
Rekstrarhreyfingar		<u>45.146.132</u>	<u>15.758.094</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir	8	(18.520.093)	(14.392.727)
		<u>(18.520.093)</u>	<u>(14.392.727)</u>
Hækkun handbærs fjár		26.626.039	1.365.367
Handbært fé í upphafi árs		63.322.129	61.956.762
Handbært fé í lok árs		<u>89.948.168</u>	<u>63.322.129</u>

Skýringar

1. Starfsemi

Starfsemi Starfsgreinasambandsins felst í því meginhlutverki þess að sameina verkalýðsfélög í baráttunni fyrir bættum kjörum og standa vörð um áunnin réttindi og vera leiðandi afl innan verkalýðshreyfingarinnar og vettvangur umræðu um þróun samfélagsins í þágu launafólks.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Starfsgreinasambands Íslands fyrir árið 2022 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Skráning skatttekna

Skattur til Starfsgreinasambands Íslands er reiknaður sem hlutfall af félagsgjöldum sambandsfélaganna. Innheimta skatts Starfsgreinasambandsins af félagsgjöldum sambandsfélaganna er byggð á ársreikningum þeirra, en á áætlun þegar ársreikningar félaganna fyrir árið 2022 liggja ekki fyrir og er skattstofninn þá áætlaður með hliðsjón af síðasta framlögðum ársreikningi.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi.

Skýringar

3. Skatttekjur

Skatttekjur Starfsgreinasambands Íslands greinast á eftirfarandi hátt:

	2022	2021
Skattstofn Starfsgreinasambands Íslands	2.958.463.941	2.702.075.529
Skatthlutfall SGS af félagsgjöldum	3,80%	4,00%
	112.421.630	108.083.021
Afsláttur af aðildargjöldum	0	(25.022.996)
	112.421.630	83.060.025

Framkvæmdastjórn ákvað á fundi sínum 10. nóvember 2021 að leggja til við formenn að veita 50% afslátt af álögðum skatti fyrir síðasta ársfjórðung 2021. Upphæð afsláttar er 25.022.996 kr.

4. Aðrar tekjur

	2022	2021
Tekjur vegna hagræðingardeildar	616.000	0
	616.000	0

5. Laun og annar starfsmannakostnaður

	2022	2021
Laun	30.572.642	25.955.756
Tryggingargjald	2.318.559	1.853.449
Lífeyrissjóður	4.114.982	3.459.141
Sjúkra- og orlofsheimilaskjóður	503.536	428.280
Reiknað áfallið orlof, breyting	(167.762)	296.232
Annar starfsmannakostnaður	1.637.751	1.060.904
Þátttaka annarra í launum	0	(3.000.000)
	38.979.708	30.053.762

Stöðugildi að meðaltali	2,7	2,2
-------------------------------	-----	-----

Heildarlaun og þóknanir til stjórnenda félagsins á árinu 2022 námu 16,6 milljónum króna (2021: 14,7 m.kr.)

Skýringar

6. Almennur kostnaður	2022	2021
Húsaleiga	7.415.675	6.893.854
Samstarfssamningur SGS og ASÍ	8.325.903	7.737.001
Erlend aðildarfélög	4.132.720	7.643.217
Ferðakostnaður erlendis	84.553	145.581
Dagpeningar erlendis	32.360	0
Kostnaður vegna funda og þinga	8.490.481	2.299.052
Endurgreiddur ferðakostnaður	21.600	69.498
Ökutækjastyrkir	170.014	53.140
Sími og burðargjöld	312.119	432.470
Pappír, prentun og ritföng	108.390	61.804
Skrifstofuáhöld og innréttingar	429.182	288.269
Tölvuþjónusta og rekstur tölvu	1.524.555	1.621.774
Kostnaður við gerð heimasíðu	2.176.077	1.024.017
Tímarit, bækur og áskrift	214.908	122.237
Gjafir og styrkir	1.200.408	476.758
Auglýsingar	634.480	616.945
Endurskoðun og reikningsskil	1.190.400	714.506
Önnur sérfræðiþjónusta og aðkeypt þjónusta	3.350.772	1.986.932
Iðgjöld og tryggingar starfsmanna	0	64.060
Námskeið og ráðstefnur	586.080	0
Fæðis- og kaffikostnaður	1.009.791	591.912
Annar kostnaður	205.927	2.662.198
Tryggingar	117.845	46.633
Ferðakostnaður og dagpeningar	121.073	0
	<u>41.855.313</u>	<u>35.551.858</u>

7. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:	2022	2021
Vaxtatekjur af bankainnstæðum	2.605.823	268.298
Greiddur fjármagnstekjuskattur	(573.281)	(59.026)
	<u>2.032.542</u>	<u>209.272</u>
Fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Vaxtagjöld og verðbætur af langtímaskuldum	0	(1.823)
Þjónustugjöld	(70.188)	(49.299)
Vaxtagjöld	(54.895)	(3.348)
	<u>(125.083)</u>	<u>(54.470)</u>
	<u>1.907.459</u>	<u>154.802</u>

Skýringar

8. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	Áhöld, tæki og innréttingar
Kostnaðarverð	
Staða í ársbyrjun	27.852.952
Eignfært á árinu	18.520.093
Staða í árslok	46.373.045
Afskriftir	
Staða í ársbyrjun	10.533.199
Afskrift ársins	10.559.087
Staða í árslok	21.092.286
Bókfært verð	
Bókfært verð í ársbyrjun	17.319.753
Bókfært verð í árslok	25.280.759
Afskriftarhlutföll	30%

9. Fjárfestingaverðbréf

	2022	2021
Eignarhlutur í Eignarhaldsfélaginu Guðrúnartúni 1 ehf.	12.125.986	12.125.986
	12.125.986	12.125.986

Eignarhlutur Starfsgreinasambandsins í Eignarhaldsfélaginu Guðrúnartúni 1 ehf. nam 11,2 % í árslok og er færður á kostnaðarverði.

10. Aðrar peningalegar eignir

Aðrar skammtímakröfur	31.12.2022	31.12.2021
Fyrirframgreiddur kostnaður	1.450.000	0
Inneignir hjá sambandsfélögum	595.200	1.902.437
Inneignir hjá Félagsmannasjóð	577.886	3.031.042
Samstarfssjóður SGS	1.080.872	854.088
	3.703.958	5.787.567
Handbært fé		
Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.	31.12.2022	31.12.2021
Óbundnar bankainnstæður í íslenskum krónum	89.948.168	63.322.129
	89.948.168	63.322.129

Skýringar

11. Eigið fé

	Eigið fé
Eigið fé 1.1.2021	80.957.131
Tekjur umfram gjöld ársins	10.578.990
Eigið fé 1.1.2022	91.536.121
Tekjur umfram gjöld ársins	23.550.981
Eigið fé 31.12.2022	115.087.102

12. Aðrar peningalegar skuldir

Aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2022	31.12.2021
Virðisaukaskattur	115.200	0
Ógreidd laun og launatengd gjöld	3.802.833	4.133.283
Fyrirfram innheimtir styrkir	342.927	342.927
Ógreiddur kostnaður	2.193.804	892.915
Aðrar skuldir	103.905	196.150
Skuld við sambandsfélög	9.413.100	1.454.039
	15.971.769	7.019.314

13. Húsaleigusamningur

Starfsgreinasambandið leigir húsnaði fyrir starfsemi sína samkvæmt leigusamningi við Eignarhaldsfélagið Guðrúnartúni 1 ehf. Leigutími er til ársloka 2022. Gjaldfærðar leigugreiðslur í ársreikningi 2022 námu samtals 8,5 millj.kr. (2021: 7,9 millj.kr.). Til lækkunar koma leigutekjur frá fræðslusjóðnum Landsmennt, en Starfsgreinasamband Íslands leigir sjóðnum sem samsvarar einni og hálfri skrifstofu. Leigutekjur á árinu 2022 námu 1,1 millj. kr. (2021: 1 millj. kr.)